



FRÆÐSLUNETIÐ

Símenntun á Suðurlandi

| | |
|-------------------|---|
| Almennt |  <p>Fræðslunetið er eign Sunnlendinga og stofnað í þágu þeirra.</p> <p>Fræðslunetið var stofnað 1999 af fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum á Suðurlandi. Það er viðurkenndur fræðsluaðili og er með gæðavottun EQM. Árlega eru námsmenn milli 1300-1600 og ráðþegar 700-800 og fjöldi þeirra sem fer í raunfærnimat er um 50 að jafnaði.</p> <p>Markhópur Fræðslunetsins er fólk sem er með enga eða litla formlega menntun, fullorðið fatlað fólk, fólk í atvinnuleit og fólk í starfsendurhæfingu.</p> |
| Námsbrautir FA |  <p>Aðeins viðurkenndir EQM vottaðir fræðsluaðilar eins og Fræðslunetið og Viska bjóða uppá námsbrautir FA á Suðurlandi.</p> <p>Um er að ræða almennar námskrár og starfstengdar námskrár, sem hafa verið þróaðar af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) í samvinnu við fræðsluaðila og atvinnulífið. Námið er vottað af Menntamálastofnun. Margar námsbrautir gefa framhaldskólaeiningar ef námsmenn standast lágmarkskröfur námsins. Verkefnastjórar Fræðslunetsins sjá um námsbrautirnar og náms- og starfsráðgjafar vísa ráðþegum veginn í vali á námi. Einfalt er að skrá sig í nám á vefsvæði Fræðslunetsins www.fraedslunetid.is</p> <p>Dæmi um FA nám hjá Fræðslunetinu: Þjónustubrautir, Menntastoðir, Grunnmennt, námsbrautir fyrir atvinnulífið og námsbrautir sem efla hæfni og virkni einstaklinga.</p> |
| Íslensku-námskeið |  <p>Fræðslunetið annast íslenskukennslu fyrir útlendinga.</p> <p>Fræðslunetið heldur íslenskunámskeið fyrir útlendinga um alla suðurströndina með styrk frá Rannís. Námskeiðin eru 40 klukkustunda löng og eru á stigi A1-A2 á Evrópska tungumálarammanum. Árlega stunda um 300 námsmenn íslenskunám og er fjöldi námskeiða um 30. Námskeiðin eru haldin síðdegis á kennslustöðum Fræðslunetsins og einnig á dagvinnutíma inni fyrirtækjum eftir óskum þeirra. Einfalt er að skrá sig á vefsvæði Fræðslunetsins www.fraedslunetid.is</p> |
| Ráðgjöf |  <p>Allir í markhópi Fræðslunetsins geta fengið náms- og starfsráðgjöf.</p> <p>Hjá Fræðslunetinu starfa fjórir menntaðir náms- og starfsráðgjafar. Þeir sjá um viðtöl við ráðþega, raunfærnimat, hæfnigreiningar og eru verkefnastjórar námsbrauta. Ráðgjöfin er veitt alstaðar á Suðurlandi. Einfalt er að panta ráðgjöf á vefsíðu Fræðslunetsins www.fraedslunetid.is</p> |



| | |
|-----------------------|--|
| Raunfærnimat |  <p>Með raunfærnimati er „lífsins skóli“ metinn til framhaldsskólalæininga.</p> <p>Fræðslunetið býður uppá raunfærnimat í ýmsum greinum, s.s. leikskólaliða, skólaliða, stuðningsfulltrúa, sjúkraliða, matsveina o.fl. Raunfærnimat snýst um að meta færni og reynslu einstaklinga til framhaldsskólalæininga. Flestir þeirra sem fara í raunfærnimat fá fjölda eininga metna og stytta þar með námið sem þeir halda svo áfram í. Raunfærnimati í atvinnulífinu lýkur oftast með fræðslu og fagbréfi í kjölfarið. Einfallt er að skrá sig í raunfærnimat á vefsíðu Fræðslunetsins www.fraedslunetid.is</p> |
| Virkinámскеið |  <p>Fræðslunetið er viðurkenndur úrræðaaðili hjá VMST og Virk</p> <p>Fræðslunetið býður upp á fjölda virkniúrræða fyrir atvinnuleitendur, flóttamenn, fólk í starfsendurhæfingu og hælisleitendur. Með þéttu samstarfi við Virk, VMST og Birtu starfsendurhæfingu er framboð virkniúrræða ákveðið hverju sinni. Árlega eru haldin fjölmörg námskeið fyrir þá sem eru í endurhæfingu og atvinnuleit.</p> <p>Dæmi um virkniúrræði eru: Námskeið og þjálfun, ráðgjöf, raunfærnimat og áhugasviðskannanir.</p> |
| Fyrirtækjafraeðsla |  <p>Meira en 1000 starfsmenn sunnlenskra fyrirtækja og stofnana hafa farið í gegnum greiningu fræðsluþarfa hjá Fræðslunetinu.</p> <p>Fræðsla í fyrirtækjum hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi. Fræðslunetið sér um „Fræðslustjóra að láni“ verkefni í samvinnu við stéttarfélag, stofnanir og fyrirtæki og heldur í kjölfarið sérsniðin námskeið eftir fræðslugreiningu og óskum fyrirtækjanna. Fyrirtæki geta haft samband við Fræðslunetið og óskað eftir greiningum og tilboðum í námskeið.</p> |
| Nám fyrir fatlað fólk |  <p>Fræðslunetið annast fræðslu fyrir fullorðið fatlað fólk.</p> <p>Fræðslunetið sér um fræðslu fyrir fullorðið fatlað fólk á Suðurlandi í umboði Fjölmenntar. Haldin eru um 30-40 námskeið árlega sem um 100 manns sækja. Námskeiðin eru blanda af tólmstundarnámskeiðum og námskeiðum sem auka færni og þekkingu einstaklinga á einhverju sviði. Hjá Fræðslunetinu starfar verkefnastjóri sem sér sérstaklega um þessi námskeið.</p> |
| Ýmis námskeið |  <p>Fræðslunetið útbýr klæðskerasniðin námskeið fyrir hópa og félagasamtök.</p> <p>Haldin eru á ári hverju ýmis almenn námskeið eftir óskum viðskiptavina hverju sinni. eru þetta t.d. tölvunámskeið, tungumálanámskeið og ýmis tólmstundanámskeið, sem haldin eru fyrir ýmsa hópa eins og félög eldri borgara og stéttarfélag. Síminn er 560 2030.</p> |